

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Norðurál Grundartanga Hvalfjörður



<b>Dags eftirlits</b>	19.5.2023	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Magnúsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Norðurál Grundartanga	<b>Eftirlitsmaður</b>	Sigríður Kristinsdóttir
<b>Heimili</b>	Grundartanga	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið fyrra eftirlit
<b>Kennitala</b>	5702972609	<b>Flokkur</b>	Ál
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Þorsteinn Ingi Magnússon	<b>ÍSAT nr.</b>	24.42.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Guðlaugur Bjarki Lúðvíksson	<b>Staðsetning</b>	365596,685 431351,563

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar settar fram.

### UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með álveri Norðuráls á Grundartanga. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Rekstur kerskála
  - a. Flutningur hráefna til kerskála (gr. 3.2)
  - b. Kerrekstur (gr. 3.4, 3.6, 3.7)
2. Kælikerfi og kælivatn
3. Gagnagrunnur um mengaðan jarðveg – kynning
4. Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar – kynning
5. Önnur mál
6. Skoðunarferð

Rekstraraðili kynnti niðurstöður mælinga ársins 2022 og fram að eftirlitsdegi. Mæld er losun í loft frá þurrhreinsivirkjum og rjáfri kerskála, einnig er mælt í fráveitu frá lóð rekstraraðila. Niðurstöður mælinga sýndu að styrkur efna er undir starfsleyfismörkum. Einnig var farið yfir niðurstöður umhverfisvöktunar sem voru einnig innan starfsleyfismarka.

Rekstraraðili fór yfir rekstur kerskála frá flutningi hráefnis yfir í rafgreiningu, kerrekstur og hreinsun kergass. Rætt var um mælingar og kvarðanir á mælibúnaði sem þriðji aðili framkvæmir. Jafnframt var farið yfir kælikerfi og kælivatn og losun þess í fráveitu. Rætt var um losun frá þurrhreinsivirkjum og farið yfir að í töflu 11 í k. 1.3.3.1.1. Ryk- og flúorlosun beint í tiltekinn farveg í BAT niðurstöðum fyrir iðnað með járnlausan málm séu losunarmörk fyrir útblástur frá þurrhreinsistöðvum

Farið var yfir atvik sem varð á vormánuðum þegar pakkning fór í löndunarbúnaði fyrir súrál og súrál dreifðist á hafnarsvæðinu. Fram kom að rekstraraðili hefði farið yfir atvikið, löndunarbúnaðurinn lagaður og svæðið hreinsað.

Umhverfisstofnun kynnti nýjan gagnagrunn um mengaðan jarðveg sem stofnunin hefur komið upp í samræmi við rg. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Jafnframt var kynnt ný gjaldskrá stofnunarinnar og endurskoðun áhættumats rætt.

Samráðsfundur hefur verið boðaður þriðjudaginn 23. maí og kynningafundur vegna umhverfisvöktunar iðnaðarsvæðisins á Grundartanga þriðjudaginn 30. maí.

### ANNAÐ

Einnig var viðstödd eftirlitið fyrir hönd Norðuráls Birna Björnsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 05.06.2023

Sigríður Magnúsdóttir